

55. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði, mánudaginn 11. október 2010 og hófst hann kl. 16:30

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Anna Kristín Hjálmarsdóttir (AKH), Trausti Þór Sverrisson, Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG), Ragnar Anthony Gambrell (RAG),

Fundargerð ritaði: Birna Benediktsdóttir , meðstjórnandi

Fundur settur af formanni skólanefndar (GSB). Formaður (GSB) byrjaði fundinn á að árétta fyrir fundarmönnum að þeim bæri að virða þagnarskyldu um þau málefni sem rædd væru á fundinum og ekki eru birt í fundargerð.

Dagskrá:

1. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra

Skólastjóri (TPS) sendi oddvita umsókn þar sem hann óskar eftir að ráðinn verði í hlutastarf stuðningsfulltrúi til aðstoðar í skólanum.

Haustskýrsla er í vinnslu og verður skilað til Hagstofunnar 15.10 2010 og lögð fyrir skólanefnd á næsta fundi sem er 4.11 2010.

Fundar fyrirkomulag verður eftirfarandi:

1. Fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði fundað með öllu starfsfólki Tálknafjarðarskólans. Leikskólanum lokað frá kl. 14:00 og hefur það verið auglýst á leikskólanum.
2. Daginn eftir miðvikudag kallað á skólaráð á síðdegisfund.

Trausti (TPS) greindi frá því að erlent skólasamstarf á vegum Comenius (leik- og grunnskólar) evrópskt skólasamstarf hafi verið samþykkt og eru samstarfslöndin okkar, Pólland, Spánn og Ítalía. Samstarf þessu fylgir 22.000 Evru styrkur sem er veittur fyrir ferðakostnað fyrir okkar fulltrúa. Meiningin er að stofnaður verði gjaldeyrisreikningur og þegar það hefur verið gert færst 80% af styrknum greitt inn á hann, afgangurinn eða 20% greiðist út þegar skýrsla að verkefni loknu hefur verið skilað inn.

Trausti (TPS) upplýsti fundarmenn um að þegar lokaskýrsla um Nordplus verkefnið (Finnlandsverkefnið) hefur verið skilað inn færst 20% lokagreiðsla þess verkefnis greidd.

2. 1001015 - Önnur mál

Skólastjóri (TPS) lagði fram þá hugmynd að skólanefndafundir verði haldnir reglulega eða fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði og var það samþykkt.

Varðandi skólastefnuna þá á hver fundarmaður að koma með tillögur um hana á næsta skólanefndarfund þann 04.11 2010. Hver nefndarmaður á að velja sér skólastefnu eithvers sveitafélags og koma með eitthvað úr henni sem honum lýst vel á og gæti henta okkar stefnu.

Guðlaug (GSB) gerði fyrirspurn vegna viðveru skólastjóra á leikskólanum. Trausti (TPS) upplýsir nefndina og gaf skýringu á því. Í framhaldið var ákveðin föst viðvera verði 1. sinni í viku og verður hún auglýst fljótlega. Einnig spurði hún um kaup á útileiktækjum á leikskólan. Trausti (TPS) sagði það í vinnslu.

Birna gerði eftirfarandi fyrirspurnir:

Um hver staðan er á hringrólu þ.e. er farið að fylla upp í kringum hana og panta motturnar undir hana. Trausti sagði málið í höndum verkstjóra áhaldahúss og ætlar að ítreka það við hann.

Bréf hafði borist fyrirspyrjanda, skólastjóra og oddvita, þar sem matráður var ekki sáttur við skráninguna í matinn og var skólastjóri inntur eftir því hvort það hefði verið komið í lag og taldi hann svo vera.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:20

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____